

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. janúar 2010

**Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með bréfi allsherjarnefndar frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998, með síðari breytingum 100 mál.**

Ákærendafélagið telur það vera framfaraspur að fækka héraðsdómstólum í einn og það eigi að gefa aukið svigrúm til að hagræða og tryggja markvissari nýtingu fjármuna og starfskrafta héraðsdómstóla.

*Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins*

Í 6. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir breytingum á 17. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla er varða ráðningu og störf aðstoðarmanna. Aðstoðarmenn veljast oft úr hópi ungra, óreyndra og nýútskrifaðra lögfræðinga, ekki er krafist starfsreynslu og starf aðstoðarmanns er hugsað sem námsstaða. Eingöngu er ætlast til að aðstoðarmenn gegni því starfi í 5 ár, en þó að hámarki 10 ár, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Með 2. mgr. 6. gr. er gerð sú breyting á 17. gr. laga um dómstóla, að aðstoðarmönnum verður heimilað að fara með allar dómsathafnir aðrar en dómstörf tengd einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, og sakamál frá því þau koma til aðalmeðferðar. Í þessu felst að aðstoðarmenn geta úrskurðað í málum vegna þvingunarráðstafana svo sem vegna gæsluvarðhalds og símhlustunar. Þeir geta dæmt í málum þar sem sakborningur játar, sbr. 164. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Með lögum 88/2008 voru afnumin þau takmörk sem voru í 125. gr. eldri laga nr. 19/1991, um að fram þyrfti að fara aðalmeðferð í játningarmálum ef brot vörðuðu fangelsi lengur en átta ára. Aðstoðarmönnum verður því samkvæmt þessu heimilað að meta hvort ástæða sé til að draga í efa játningu sakaðs manns í alvarlegum málum eins og manndrápsmálum, og ákveða honum refsingu telji hann játninguna standast, sbr. 164. gr. laga nr. 88/2008.

Ákærendafélagið telur mjög hæpið að það fyrirkomulag sem lagt er til með 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins sýni frelsi manna, sem er meðal mikilvægustu mannréttinda, nægt tillit og tryggi á fullnægjandi hátt vandaða meðferð sakamála. Þótt eflaust megi færa rök fyrir því að aðstoðarmenn getið áritað stefnur eða sinnt öðrum slíkum verkefnum þar sem

**áfi**  
Ákærendafélag  
Íslands

viðfangsefnið er eingöngu fjárhagsleg verðmæti, verður að gera aðrar og meiri kröfur þegar fjallað er um frelsi og æru manna í sakamáli.

*Ábyrgð dómstjóra*


Ákærendafélagið telur einnig ástæðu til að gera athugasemd við að dómstjóri getið borið ábyrgð á störfum aðstoðarmanna eins og rakið er í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að einungis einn dómstjóri verði kosinn fyrir allt landið, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Dómstjóra, sem verður þá væntanlega staðsettur í Reykjavík, er ætlað að bera ábyrgð á dómstörfum aðstoðarmanna við starfsstöð dómstólsins á Akureyri, svo dæmi sé tekið. Er erfitt að sjá hvernig slík ábyrgð getur verið meira en að nafninu til þar sem eftirlit dómstjórans er mjög erfitt eða jafn vel útilokað.

*Athugasemdir við a. lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins*

Í þessari grein er fjallað um breytingar á 2. málslíð 1. mgr. 13. gr. laga nr. 15/1998, sem fjallar um skipun Dómstólaráðs. Í ákvæðinu er kveðið á um að Lögmannafélag Íslands skuli skipa fulltrúa í Dómstólaráð úr hópi starfandi hæstréttarlögmannna. Ákærendafélagið vill benda á að ákærendur, þar á meðal ríkissaksóknari, gætir hagsmuna fyrir dómstólum sem jafn mikil ástæða er til að gætt sé innan Dómstólaráðs. Lagt er til að Ákærendafélaginu verði gert að leggja til einn fulltrúa í Dómstólaráð eins og Lögmannafélagið og komi hann úr hópi skipaðra saksóknara. Hvernig þessi breyting verður útfærð, er látið liggja á milli hluta.

Ákærendafélaga Íslands lætur sig einkum varða málefni á sínu sviði, einkum er varðar starfsumhverfi ákærenda, sakamálaréttarfars og refsiréttar. Félagið telur því ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við lagafrumvarpið en að framan greinir.

Virðingarfyllst,



Helgi Magnús Gunnarsson formaður